

## Fagurfræði vistkerfanna

Orðið *mannöld* er orðið viðtekið sem lýsing á því skeiði þegar mannkynið varð afgerandi afl í jarðsögunni. Það er þó líka mótsagnakennt hugtak því það sem við köllum mannöld ber „merki um vald okkar en einnig um getuleysi okkar“.<sup>1</sup> Við höfum ef til vill verið þess megnug að koma af stað jarðsögulegum umbreytingum á loftslagi og náttúru en um leið stöndum við vanmáttug gagnvart þeim náttúruöflum sem leysast úr læðingi í slíku ferli. Reyndar telja margir að breytingarnar sem við stöndum frammi fyrir, hamfarahlýnun, fjöldadauði tegunda og aðrar tengdar umhverfiskrísur, séu á þeim skala að við séum ekki einu sinni fær um að meðtaka umfang þeirra, vitsmunalega eða tilfinningalega.<sup>2</sup> Hvernig segir maður sögu um vistkerfi eins og skóga, spyr Anna Tsing, þar sem má finna „drama og ævintýri handan athafna mannsins“, þegar við erum „ekki vön því að lesa sögur án mennskra hetja“?<sup>3</sup>

Á síðustu áratugum hafa margs konar fræðimenn sýnt að það að hleyppa aðeins mennskum aðalpersónum í sögur okkar er ekki bara eðlileg mennsk hlutdrægni heldur menningarleg stefna tengd draumum um framþróun með tilstilli nútímavæðingar. Það eru aðrar leiðir til að byggja heima. [...] Til að víkka út möguleikana þurfum við annars konar sögur – þar á meðal ævintýri um landslag.<sup>4</sup>

<sup>1</sup> Christophe Bonneuil og Jean-Baptiste Fressoz, *The Shock of the Anthropocene. The Earth, History and Us*, þýðandi David Fernbach, London og New York: Verso Books, 2016, bls. xi.

<sup>2</sup> Sjá til dæmis Andra Snæ Magnason, *Um tímann og vatnið*, Reykjavík: Mál og menning, 2019, bls. 9.

<sup>3</sup> Anna Tsing, *The Mushroom at the End of the World. On the Possibility of Life in Capitalist Ruins*, Princeton: Princeton University Press, 2015, bls. 155.

<sup>4</sup> Sama heimild, bls. 155.



Anna Tsing er að tala um óskáldaða texta á borð við mannfræði, sagnfræði, hagfræði og vistfræði og segir sjálf sögur um samlífi rauðfura og matsutake sveppa sem byggja sinn heim í landslagi sem mennirnir hafa lagt í rúst. Undanfarna áratugi hafa menn einnig velt fyrir sér hlutverki skáldskapar og annarra lista í þessu samhengi. Flestir eru á því að við þurfum á skáldskap að halda til að takast á við nýjan veruleika en um leið vaknar sú spurning hvort hefðbundin bókmenntaform dugi hreinlega til. Fræðafólk á borð við Donnu Haraway,<sup>5</sup> Önnu Tsing, Suzanne Simard, Timothy Morton og Jane Bennett telur til dæmis að hvorki útópíur né dystópíur henti til að takast á við nýjan veruleika. Þau vilja komast út úr þeirri andstaðuhugsun þar sem allt snýst annars vegar um að bjarga heiminum frá glötun og hins vegar um að hanna hina fullkomnu tilveru. Í staðinn fyrir að nálgast umhverfið með fyrirframgefnum hugmyndum um það hvað í þeirri fullkomnun felst mæla þau með því að nálgast umhverfið af forvitni og með opnum huga.

Í þessari grein mun ég nefna nokkrar kenningar og dæmi um vistskáldskap og vistlist en í kjölfarið líta til þess sem bókmenntafræðingurinn Søren Frank bendir á; að það er ekki hvað síst lestur okkar og túlkun sem hafa verið helst til þröngsýn og þurfa að taka breytingum.<sup>6</sup> Hvað skáldsögur varðar, þá telur hann að það „yrði ávinningur að því að endurlesa margar þeirra með meiri athygli á tengslanet og visthverfni (e. *ecocentrism*)“,<sup>7</sup> en það felur í sér að hafa vistræn viðmið að leiðarljósi í stað mannhverfra. Hér erum við komin inn á svið vistrýninnar, þar sem gríðarleg gróska hefur verið undanfarna áratugi. Endurlestur bókmennta á borð við þann sem Frank kallar eftir verður því æ algengari.

Þegar manneskjan stendur frammi fyrir hruni á vistkerfum jarðar, af eigin völdum, og verður æ meðvitaðri um þá hugarfarsbyltingu sem þarf til að bregðast við, hlýtur það að lita sjónarhorn hennar, líka á bókmenntir og listir. „Við þurfum á nýrri „náttúruheimspeki“ að halda, nýjum siðferðislegum viðmiðum til að leiðbeina okkur í samskiptum okkar við náttúruna, nýrri jarð-hverfri andlegri viðleitni – og nýrri list og fagurfræði“, sagði Catherine Rigby þegar árið 1992.<sup>8</sup> Lista- og fræðafólk hefur þannig um nokkurt skeið kallað eftir visthverfi

<sup>5</sup> Donna J. Haraway, *Staying with the Trouble. Making Kin in the Chthulucene*, Durham og London: Duke University Press, 2016.

<sup>6</sup> Greinin byggist á rannsóknum sem birtast í ítarlegri útgáfu í bók minni *Hanfarnir í bókmenntum og listum*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2023.

<sup>7</sup> Søren Frank, *A Poetic History of the Oceans. Literature and Maritime Modernity*, Studies in Comparative Literature 98, Brill, 2022, bls. 348.

<sup>8</sup> Catherine Rigby, „Beyond the Frame. Art, Ecology and the Aesthetics of Nature“, *Thesis Eleven* 1/1992, bls. 114–128, hér bls. 115.

fagurfræði í takt við ný viðmið um samband manna við umhverfið,<sup>9</sup> en eins og kom fram á ráðstefnunni *Imagine Earth* á Louisiana-safninu í Danmörku í júní 2023 er enn rökrætt um hvað slík fagurfræði felur í sér eða ætti að fela í sér. Í þessari grein verður tekin afstaða til þess, með þá skilgreiningu á fagurfræði til grundvallar að um sé að ræða kenningar um eðli, gildi og grundvallarlögmál eða virkni listarinnar, sem og um þær tilfinningar sem listin vekur hjá okkur. Stungið er upp á því, með hliðsjón af hugmyndum um vistkerfi bókmennta, að beina umræðunni um kreppu bókmennta- og listgagnrýnninnar frá áhyggjum af dvínandi valdi gagnrýnenda og fækkun og áhrifaleysi hefðbundinna list- og ritdóma í fjölmiðlum en beina í stað sjónum að því hvort vistrýnin hafi (eða eigi að hafa) áhrif á fagurfræðileg viðmið okkar og hvað það gæti þýtt fyrir framtíð bókmennta- og listgagnrýni.

### *Sveigjanleg form og fjörug samsuða*

Listamenn og rithöfundar eru fyrir löngu farnir að bregðast við breyttum veruleika í skáldskap af ýmsu tagi.<sup>10</sup> Í stuttri samantekt um íslenska ljóðlist sem „innlegg í umræðuna um loftslagsmál á Íslandi“ bendir Guðni Elísson á að skáld beiti fjölbreytilegum aðferðum og taki á „mörgum þáttum loftslagsvandans“ en einn af kostum ljóðsins sé „að það á jafn auðvelt með að lýsa aldri vetrarbrautanna og leifturstundu eldingar sem lýstur niður í tré. Fyrir vikið hent[í] ljóðið einkar vel til að fjalla um loftslagsbreytingar“.<sup>11</sup> Kate Rigby sér jafnframt kosti í áskorunum ljóðsins. Óhefðbundin notkun tungumálsins sem við hnjótum um við lesturinn krefjist þess að við hægjum á okkur og samþykkjum að ekki sé allt auðskilið. Það færi okkur íhugulli (og þá væntanlega umhverfisvænni) leið til að vera í heiminum.<sup>12</sup> Steinunn Sigurðardóttir og Haukur Ingvarsson eru dæmi um íslensk skáld sem brugðist hafa í ljóðum við ógnum loftslagsbreytinga og tengdum umhverfiskreppum. Soffía Auður Birgisdóttir telur að *Dimmumót*,

<sup>9</sup> Sbr. til dæmis Jason Boaz Simus, „Aesthetic Implications of the New Paradigm in Ecology“, *The Journal of Aesthetic Education* 1/2008, bls. 63–69; Malcolm Miles, *Eco-Aesthetics. Art, Literature and Architecture in a Period of Climate Change*, New Delhi, New York og Sidney: Bloomsbury Academic, 2014; Bruno Latour, *Reset Modernity! Field Book*, Karlsruhe: ZKM, Center for Art and Media, 2016; Frederique Ait-Touati, „Mapping a New Earth. Arts and Sciences as Tools of Exploration“, fyrirlestur á *Imagine Earth*, Louisiana, 9. júní 2023.

<sup>10</sup> Sbr. Auður Aðalsteinsdóttir, *Hamfarir í bókmenntum og listum*.

<sup>11</sup> Guðni Elísson, „Ljóðið á tímum loftslagsbreytinga. Átta opinberanir“, *Ritið. Tímarit Hugvísindastofnunar* 1/2016, bls. 101–107, hér bls. 101–102.

<sup>12</sup> Kate Rigby, *Reclaiming Romanticism. Towards an Ecopoetics of Decolonization*, Environmental Cultures Series, London, New York, Oxford, New Delhi og Sydney: Bloomsbury, 2020, bls. 5.

ljóðabók sem Steinunn gaf út árið 2019, falli að skilgreiningum Terrys Gifford á „vist-ljóðlist“,<sup>13</sup> og greinir verkið sem tilbrigði við heimsslitakvæðið Völuspá með vistfemínískri áherslu á „*feðraveldið* gegn *móðurjörðinni*“.<sup>14</sup> Í ljóðabókunum *Vistarverur* (2018) og *Menn sem elska menn* (2021) tekst Haukur meðal annars á við kvíða og angist vegna loftslagsbreytinga. Hann sækir eins og Steinunn mikið í myndmál Völuspár, með vistfemínískum undirtónum.<sup>15</sup>

En hvað með skáldsöguna og annan prósa? Í verkinu *The Great Derangement* segir Amitav Ghosh hamfarir á borð við loftslagsbreytingar rúmast illa innan formgerðar skáldsögunnar, enda sér Ghosh bein tengsl milli mannhverfra viðhorfa skáldsögunnar og upphafs mannaaldar; einmitt þegar athafnir mannanna fóru að breyta loftslagi jarðar hafi bókmennirnir farið að einblína á hið mannlega.<sup>16</sup> Innan þessa „borgaralega“ listforms hafi frá 19. öld þróast sjónarhorn einstaklingsins og samþjöppun sögutíma, sem henti illa til að sýna orsakir og afleiðingar á jarðfræðilegum skala þar sem allir þræðir eru samtvinnnaðir í vistkerfi jarðar og sögutími og sjónarhorn eru nógu víðfeðm til að ögra hefðbundnum mannlegum viðmiðum. Skáldsagan hafi þvert á móti að mestu beint augum að hinu raunsæja á borgaralegum mælikvarða, það er hinu hversdagslega og reglubundna frekar en hinu ævintýrlega, einstaka eða stórbrötna. Það eigi sér hliðstæðu í vísindunum þar sem áherslan færðist frá sögu hamfara í jarðsögunni og hugmyndum um einstæða viðburði sem gætu aldrei endurtekið sig í átt að jarðsögu hægfara, fyrirsjáanlegrar þróunar. Slík heimssýn geri ráð fyrir að mannkynið geti haft stjórn á eigin örlögum og edli en taki ekki tillit til brotálina þróunarsögunnar sem orsakast af ófyrirsjáanlegum náttúruhamförum.<sup>17</sup> Þótt söguleg jarðfræði hafi samt sem áður neyðst til að samþykkja, á grundvelli vísindalegra sannana, ólíklega og einstæða viðburði, segir Ghosh, heldur hin „alvarlega“ nútímaskáldsaga fast í frásagnarbrögð 19. aldar raunsæisins sem sýndi raunveruleikann sem reglufestu. Nú stefni hins vegar í að hversdagurinn verði

<sup>13</sup> Terry Gifford, „Gary Snyder and the Post-Pastoral“, *Ecopoetry. A Critical Introduction*, ritstjóri J. Scott Bryson, University of Utah Press, 2002.

<sup>14</sup> Soffía Auður Birgisdóttir, „Eg kynni að gala galdur“, *Dinnmót* Steinunnar Sigurðardóttur sem heimsslitakvæði“, *Fléttur* VI, ritstjórar Elín Björk Jóhannsdóttir, Auður Adalsteinsdóttir og Hafðís Hanna Ægisdóttir, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2023, bls. 119–147.

<sup>15</sup> Sjá nánar Auði Adalsteinsdóttur, *Hamfarir í bókmennnum og listum*, bls. 181–183.

<sup>16</sup> Amitav Ghosh, *The Great Derangement. Climate Change and the Unthinkable*, Penguin Books, 2016, bls. 66.

<sup>17</sup> Dæmi sem Ghosh nefnir um kenningar sem fengu fyrst efablandnar viðtökur eða var jafnvel hafnað en eru nú almennt viðurkenndar er kenning Alfreds Wegener um landrek frá 1912 og kenning feðganna Luis og Walter Alvarez frá 1980 um að risalofsteinn hafi valdið því að risaeðlurnar dóu út.

æ furðulegri. Þar með fara hefðbundin brögð raunsæisfrásagnar – að setja einstæða viðburði í bakgrunn en hversdagsleg smáatriði í forgrunn – að gegna því hlutverki að dylja veruleikann.<sup>18</sup>

Svo einhlítar hugmyndir um eðli nútímaskáldsögunnar ganga hins vegar aðeins upp ef maður einblínir á raunsæisskáldsögur – og eins og Frank bendir á fela þær líklega í sér of þrönga sýn á eðli skáldsögunnar almennt.<sup>19</sup> Vinsældir skáldsagnaformsins má ekki hvað síst rekja til þess hversu opið það er. Í *Öræfum* (2014) nýtir Ófeigur Sigurðsson sér til dæmis þann eiginleika skáldsögunnar að rúma mismunandi textagerðir til að lýsa flóknu og oft trámatísku sambandi fólks, dýra, náttúruafla og landslags, sérstaklega á ákveðnu landsvæði, í Öræfasveit. Ófeigur grípur til ýmissa gamalkunnugra bragða til að flækja frásögnina og gera hana marglaga. Í upphafi fáum við til dæmis yfirlýsingu höfundar um að það sem á eftir fari sé bréf sem fannst í fórum kunningja hans, austurríska örnefnafræðingsins Bernharðs Fingurbjargar sem hvarf í rannsóknarleiðangri á Vatnajökli. Frá því nútímaskáldsagan kom fram sem bókmenntategund á 17. öld hafa slíkir formálar verið algengt bragð til að ljá skálduðu innihaldinu raunveruleikablæ, þótt þeir beini um leið athyglinni að blekkingunum sem liggja hverri skáldsögu til grundvallar. Sérstaklega hefur frásagnarbragðið „fundna handritið“ verið tengt gotnesku skáldsögunni, þar sem ókennilegir og ógnandi eiginleikar náttúrunnar eru jafnan dregnir fram, sem og síðari tíma hryllingsbókmenntum og -kvikmyndum, þar sem ótrúverðugir eða yfirnáttúrulegir hlutir gerast. Ein ástæðan er væntanlega sú að í slíkum verkum reynir á vilja lesanda til að láta ekki rökhugsun sína afgreiða hið ólíklega sem vitleysu (e. *suspension of disbelief*) og gefa sig þess í stað á vald þeim forsendum og lögmálum sem ríkja innan sögunnar. Formáli *Öræfa* gefur þannig (réttilega) til kynna að lesandans bíði frásögn sem lýsi ekki hinum almennt samþykktu raunveruleika heldur hinu ókennilega, ósennilega, stílfærða, ýkta, skrumskelda, gróteska og jafnvel fjaránlega (absúrd). Í framhaldinu er svo hver sagan römmuð inn af annarri, sem er jafnvel enn eldra skáldskaparbragð og má til dæmis finna í *Ódysseifskviðu* Hómers og í 14. aldar verki Giovanni Boccaccio, *Decameron*. Í *Öræfum* kveðst sögupersónan Bernharður endursegja skýrslu dýralæknisins dr. Lassa, sem hafi aflímað Bernharð eftir árás villikinda í ókortlögðum paradísardal á miðjum Vatnajökli. En dýralæknirinn endursegir í þeirri skýrslu frásagnir og skrif annarra, meðal annars þýðingu túlks á frásögn Bernharðs. Margir sögumenn hafa þannig ýmsa hluta sögunnar hver eftir öðrum, eins og höfundurinn minnir reglulega á með innskotum á borð við:

<sup>18</sup> Amitav Ghosh, *The Great Derangement*, bls. 23, 24 og 32.

<sup>19</sup> Søren Frank, *A Poetic History of the Oceans*, bls. 348.

„sagði Snorra-Edda í koffortinu, segir Bernharður, túlkar Túlka, skrifar dr. Lassi í skýrsluna, skrifaði Bernharður mér í bréfi vorið 2003“.<sup>20</sup> Frásagnarraddirnar renna sundur og saman enda reynast þessir mörgu rammar með mismunandi sjónarhornum allir upprunnir í ímyndunarafla Bernharðs, á sama hátt og öllum röddum skáldsögu er miðlað úr ímyndunarafla höfundarins. Sögupersónan Fastagestur segir reyndar í einum af löngum og mótsagnakenndum einræðum sínum um skáldskap og fagurfræði, „allar persónur skáldsögunnar endurspeglar persónu höfundar og allar skoðanir þeirra endurspeglar skoðanir höfundar, skáldsagan er höfundurinn sjálfur“.<sup>21</sup> Það kemur þó ekki í veg fyrir að lýsa megi *Öræfum* sem margradda skáldsögu í skilningi Mikhaíls Bakhtin,<sup>22</sup> því eins og Fastagestur bendir líka á er höfundur „í eðli sínu Próteus eða vindhani skoðana innan eigin verks“ og „hægt að halda því fram að skáldsagan sé ekki höfundurinn sjálfur, jafnvel að skáldsaga sé í raun ekki eftir höfundinn“.<sup>23</sup> Sögupersónurnar víðra þannig sæg af skoðunum og kenningum um líf og list, gjarnan í belg og biðu þannig að sama setningin heldur áfram blaðsíðu eftir blaðsíðu eins og gusthlaup (og löng lýsing er á því náttúrufyrirbæri í bókinni). Hugsanatengsl ráða framvindunni fremur en rökleg tengsl og þótt yfirleitt sé um einræður eða samræður að ræða minnir stíllinn á vitundarflæði í anda módernísku skáldsögunnar, sem í þessu samhengi er freistandi að kalla „gosflaumsstíl undirvitundarinnar“ að hætti Stefáns Einarssonar.<sup>24</sup> Hér má nefna að langar samræður sögupersóna um fagurfræði og liststefnur inni á skemmtistaðnum Sirkus fara fram með hugsanaflutningi, svo mörkin milli hins talaða og hugsaða orðs þurrkast líka út. Í þeim hugrænu samræðum og mun víðar greinir skáldsagan eigin form og frásagnarhætti í anda póstmódernískrar sjálf sögu og hún beinir einnig athyglinni að þeim mismunandi formum sem sögur af samskiptum fólks, dýra og landsvæða geta tekið (við sögu koma Landnáma, annálar, vísindaritgerðir, skýrslur, ferðasögur, frásagnir af könnunarleiðöngurum, skáldskaparfræði og fleira). Greinilegt er að skáldsagan rúmar allt þetta og fleira til.

Með margvíslegum vísunum til eldri texta staðsetur Ófeigur skáldskap sinn jafnframt innan breiðrar hefðar svokallaðra *náttúruskrifa* (e. *nature writing*), en

<sup>20</sup> Ófeigur Sigurðsson, *Öræfi*, Reykjavík: Mál og menning, 2014, bls. 80.

<sup>21</sup> Sama heimild, bls. 182.

<sup>22</sup> Mikhaíl Bakhtin, „Dostoevsky’s Polyphonic Novel and Its Treatment in Critical literature“, *Problems of Dostoevsky’s Poetics*, Theory and History of Literature 8, þýðandi og ritstjóri Caryl Emerson, Minneapolis: University of Minnesota Press, 1984, bls. 5–46.

<sup>23</sup> Ófeigur Sigurðsson, *Öræfi*, bls. 182–183.

<sup>24</sup> Stefán Einarsson, „Ónáttúra og afskræming í dróttkvæðum og í tizkulist Picassos“, *Skírnrir* 1/1966, bls. 143–162, hér bls. 149.

sú skilgreining nær bæði til skáldaðs og óskáldaðs texta þar sem náttúrunni er lýst, gjarnan á íhugandi hátt. Náttúruskrif eiga sér meðal annars rætur í hjarðljóðahefðinni þar sem hægt var að sjá skáld „samþætta hrifnæm náttúrulejód og harða gagnrýni“.<sup>25</sup> Walden Thoreaus frá miðri nítjándu öld hefur orðið ein af áhrifamestu fyrirmyndunum fyrir náttúruskrif nútímans<sup>26</sup> þar sem saman fara vísindalegar athuganir á náttúrufræðingum og rómantískar áherslur á innhverfa íhugun í náttúrunni sem svarar „köllun til einhvers æðra [...] til andlegs lífs“.<sup>27</sup> Rétt er að áréttu að slík náttúrusýn var og er háþólitísk og felur meðal annars í sér róttæka andstöðu gegn þeirri þróun sem hófst með iðnbyltingunni og gegn kapitalískum viðmiðum.<sup>28</sup>

Á Íslandi má sjá svipaðar áherslur í ritum Þórbergs Þórðarsonar. Soffía Auður Birgisdóttir segir að í hinum sjálfsævisögulegu Suðursveitarbókum sínum iðki Þórbergur „jarðfagurfræði“.<sup>29</sup> Hann noti „myndmál ættað úr rómantískri bókmenntahefð í náttúrulegum sýningum sínum“ og lífræn heildarhyggja hans geri „ráð fyrir að maðurinn sé hluti af náttúrunni en ekki hafinn yfir hana“.<sup>30</sup> Margir hafa fjallað um anímisma eða náttúrufræði Þórbergs<sup>31</sup> og Viðar Hreinsson lýsir Suðursveitarbókunum sem vistskáltskaparfræði þar sem náttúruleg sýningar gegni lykilhlutverki í að skapa „djúpstæða og fingerða andstæðu milli hins smáa og hins stóra, og milli þess áþreifanlega veruleika sem sögumaður samsamar sig af inn-

<sup>25</sup> Sveinn Yngvi Egilsson, „Hvers konar bókmenntaverk er Búnaðarbálkur eftir Eggert Ólafsson?“, *Vísindavefurinn*, 24. nóvember 2022, sótt 8. desember 2023 af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=84305>.

<sup>26</sup> Sbr. Frank Stuart, *A Natural History of Nature Writing*, Washington D.C.: Shearwater Book Island Press, 1995, bls. xxi og 13.

<sup>27</sup> Henry David Thoreau, *Walden, eða Lífið í skóginum*, þýðendur Elísabet Gunnarsdóttir og Hildur Hákonardóttir, Reykjavík: Dimma, 2017, bls. 243.

<sup>28</sup> Sjá til dæmis Kate Rigby, *Reclaiming Romanticism*, bls. 44; Kristján Jóhann Jónsson, *Grímur Thomsen. Þjóðerni, skáldskapur, þversagnir og vald*, Reykjavík: Bókmennta- og listfræðastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan, 2014, bls. 100 og 121.

<sup>29</sup> Soffía Auður Birgisdóttir, *Ég skapa – þess vegna er ég*, Reykjavík: Opna, 2015, kaflinn „Heimanfylgja Þórbergs og endurgjald“, sérstaklega bls. 134–142.

<sup>30</sup> Soffía Auður Birgisdóttir, „Undrun, ótti og æði. Náttúruskynjun Þórbergs Þórðarsonar“, *Frændafundur 9. Fyrirlestrar frá íslensk-feræyskri ráðstefnu í Reykjavík 26.–28. ágúst 2016*, Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, 2018, bls. 103–112, hér bls. 104.

<sup>31</sup> Stefán Ágústsson tekur saman ýmis skrif um það sem hann vill kalla „náttúrufræði“ Þórbergs í greininni „Allt sem hefur verið til, heldur áfram að vera til“, *Ritið* 2/2020, bls. 11–44, hér bls. 13–14, og nefnir þar, auk bókar Soffíu Auðar, Sigfús Daðason, „Þórbergur Þórðarson“, *Andvari* 1/1981, bls. 3–42; Halldór Guðmundsson, *Skáldalíf. Ofvitinn úr Suðursveit og skáldið á Skriðuklaustri*, Reykjavík: JPV, 2006; og Pétur Gunnarsson, *ÞP. Í forheimskunarlendi*, Reykjavík: JPV, 2009; Stefán Einarsson, *Þórbergur Þórðarson fræðimaður – spámaður – skáld, fimmtugur*, Reykjavík: Bókauktgáfa Heimskringlu, 1939.

lifun og vitundar um dýpra samhengi í alheiminum<sup>32</sup>. Orðið vistskáldskaparfræði er fengið frá Jonathan Bate sem greinir vissa hefð í því að lýsa reynslu af því að dvelja í heiminum, allt frá skrifum Jean-Jacques Rousseaus og til okkar daga.<sup>33</sup> Að nota hugtakið um bækur Þórbergs setur þær í víðara samhengi og einnig má benda á að fyrstu þrjár Suðursveitarbækurnar komu út á árunum 1956–1957, um það leyti sem vistfræðin var í uppsveiflu og rétt eftir að sjávarlíffræðingurinn Rachel Carson gaf út síðustu bókina í sjávarþrileik sínum frá 1941–1955.<sup>34</sup> Carson er frægust fyrir verk sem kom út seinna, *Raddir vorsins þagna* frá 1962, og fyrir að setja þar að mörgu leyti tóninn fyrir náttúruskrif næstu áratuga.<sup>35</sup> Fyrsta bókin í sjávarþrileiknum, *Under the Sea Wind*, kom hins vegar út aðeins sex árum eftir að Arthur Tansley kom fram með orðið „vistkerfi“<sup>36</sup> og þrileikurinn ber að mörgu leyti merki um aukin áhrif vistfræðinnar á náttúruskrif. Sjónarhornið færast frá einni lífveru til annarrar og megináherslan er á hreyfinguna og tengingarnar milli þeirra, á vistkerfið sjálft.

Í náttúruskrifum 19. og 20. aldar má þannig finna tilraunir með vishverft frekar en mannhverft sjónarhorn. Undir lok síðustu aldar vildi Lawrence Buell reyndar frekar tala um „umhverfissinnaða texta“ en náttúruskrif og skilgreinir þá þannig að: í slíkum texta sé hið ekki-mannlega umhverfi ekki aðeins til staðar sem rammi heldur sem nærvera sem gefur til kynna að mannleg saga sé hluti af sögu náttúrunnar; mannlegir hagsmunir séu ekki settir fram sem einu gildu hagsmunirnir; úr textanum megi lesa þá siðferðislegu afstöðu að maðurinn beri ábyrgð hvað varðar umhverfið; og lesa megi úr textanum tilfinningu fyrir umhverfinu sem ferli frekar en fasta.<sup>37</sup>

<sup>32</sup> Viðar Hreinsson, „Afturhvarf og opinberun Þórbergs“, „að skilja undraljós“. *Greinar um Þórberg Þórðarson, verk hans og hugðarefni*, ritstjórar Bergljót Soffía Kristjánsdóttir og Hjalti Snær Ægisson, Reykjavík: Bókmennta- og listfræðastofnun Háskóla Íslands, 2010, bls. 35–60, hér bls. 42.

<sup>33</sup> Jonathan Bate, *The Song of the Earth*, London: Picador, 2001.

<sup>34</sup> Rachel Carson, *Under the Sea Wind. A Naturalist's Picture of Ocean Life*, Simon & Schuster, 1941; Rachel Carson, *The Sea Around Us*, Oxford, 1951; Rachel Carson, *The Edge of the Sea*, Houghton Mifflin, 1955. Um *Raddir vorsins þagna*, sjá til dæmis Guðna Elísson, „Og syngur enginn fugl. Hernaðurinn gegn Rachel Carson“, *Tímarit Máls og menningar* 3/2011, bls. 24–39.

<sup>35</sup> Sjá til dæmis Carol B. Gartner, „When Science Writing Becomes Literary Art. The Success of Silent Spring“, *And No Birds Sing. Rhetorical Analyses of Rachel Carson's Silent Spring*, ritstjóri Craig Waddell, Carbondale og Edwardsville: Southern Illinois University Press, 2000, bls. 103–125.

<sup>36</sup> Arthur Tansley, „The Use and Abuse of Vegetational Concepts and Terms“, *Ecology* 3/1935, bls. 284–307.

<sup>37</sup> Lawrence Buell, *The Environmental Imagination. Thoreau, Nature Writing, and the Formation of*



Löng hefð náttúruskrifa og vishverfra texta breytir því þó ekki að í *Örefum* hikar sögupersónan dr. Lassi, sem hefur hugsað sér að skrifa „vísindalega skýrslu fyrir Búnaðarblaðið“ um villta tegund kinda, það er dýralíf sem ögrar hefðbundinni aðgreiningu milli búfénaðar hjarðljóðahefðarinnar og villidýra sem tilheyra frekar háleitum skáldskap, þegar henni býðst að taka skáldskapinn í sína þjónustu. „[H]vernig skrifar maður skáldsögu um villifé?“<sup>38</sup> spyr hún og segja má að höfundurinn Ófeigur svari fyrir sitt leyti með því að setja fram samsuðu af ólíkum texta- og stíltegundum og sækja í margs konar liststefnur. Það er engu líkara en hann vilji nota sem flesta möguleika skáldsögunnar í tilraun til að ná utan um marglaga samskipti hins mennska og hins meir-en-mennska, ná utan um „allt“, eins og sögupersónan dr. Lassi vill gera þegar hún mótast stefnu fyrir sína bók:

[...] þegar ég verð spurð um hvað bókin mín sé þá ætla ég að svara með einu orði: allt, allt, þetta er altæk skýrsla um einstaklinginn og heiminn, um hlutina í heiminum, allt það huglæga í veröldinni ...<sup>39</sup>

Svipaðar tilraunir eða vilja til að taka inn „allt“ má víða finna í „umhverfisinnuðum“ samtímaskáldskap, meðal annars skáldsögum Oddnýjar Eirar Ævarsdóttur.<sup>40</sup> Er það í samræmi við vaxandi sannfæringu um að ekki nægi að líta á umhverfisvanda á borð við loftslagsbreytingar einvörðungu sem vísindalegt vandamál sem þarfnist tæknilegra lausna heldur krefjist þær umbyltingar á mannhverfri hugmyndafræði yfirráða, rányrkju og heimsvaldastefnu. Besta greiningin á samtínuðum óréttlátum valdakerfum eins og nýlendustefnu, kapitalisma, feðraveldi og tegundahyggju, sem liggja til grundvallar umhverfisvanda samtímans, er í vaxandi mæli talin sú sem tekur tillit til sem flestra þátta tilverunnar og tengslanna milli þeirra.<sup>41</sup> Visthverft sjónarhorn felur því í sér áherslu á tengingar, víxlhæði, flæði og markaleysi fremur en á aðgreiningu einstakra þátta, flokkun þeirra og stigveldi.

---

*American Culture*, Cambridge: The Belknap Press of Harvard University Press, 1995, bls. 7–8.

<sup>38</sup> Ófeigur Sigurðsson, *Örefi*, bls. 33.

<sup>39</sup> Sama heimild, bls. 43.

<sup>40</sup> Sbr. Auður Aðalsteinsdóttir, „Ástkonur, eyjar og blek“, *Fléttur VI*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2023, bls. 13–46.

<sup>41</sup> Greta Gaard, „Ecofeminism and Climate Change“, *Women's Studies International Forum* 49 (mars–apríl), 2015, bls. 20–33, hér bls. 24–25.

## *Markalaus vistlist*

Vísindamenn beina í auknum mæli athygli að því hversu djúpstæð gagnkvæm tengsl eru milli hinna ýmsu lífsforma – og einnig milli hins lífræna og ólífræna. Gjarnan er í því samhengi vísað til þess að gegndræpar frumuhimnur í líkama okkar hleypta sífellt hinu ytra inn og hinu innra út; að inn í líkama okkar eiga ekki aðeins orka og súrefni greiðan aðgang heldur ýmiss konar eitur og örverur, veirur, bakteríur, gerlar og jafnvel sniklar. Timothy Morton telur að við höfum nú möguleika á að skapa lýðræðislegri tegund af tilverunni í samlifun manneskja, annars konar lífvera og því sem lífvana er, þar sem hefðbundið stigveldi gengur ekki upp.<sup>42</sup> Hann lítur á listina sem tækifæri til að tengjast – ekki öðrum mannverum, eins og sálfræðilegir fagurfræðingar á borð við Guðmund Finnbogason smíðuðu kenningar um í lok níttjándu og byrjun tuttugustu aldar<sup>43</sup> – heldur því sem er ekki mannlegt. En hann beinir líka athyglinni að því að jafnvel falleg „vistlist“ er oft ekki bara óþægileg heldur getur hreinlega vakið ógeð, enda vinnur hún með það sem á bæði stærsta og smæsta skala virðir ekki mörk og er þannig bæði „innan í og utan á líkómum okkar“.<sup>44</sup> Morton vill reyndar meina að fegurðin sé alltaf „á jaðri sínum [...] á einhvern hátt undarleg, óhugnanleg, jafnvel svolítið ógeðsleg (eða mjög ógeðsleg)“ því hún virðir ekki mörk hins ytra og innra. Hún tengir okkur öðru(m) og ögrar þar með sjálfnu. Tónlist sem kemur að utan getur til dæmis orðið „djúpstæð líkamleg reynsla. Eins og tónlistin þreifi á innviðum manns. Einhvernveginn þannig. Og hún er innan í manni.“<sup>45</sup> Fegurðin er „enn á dagskrá og á að vera það“, segir Morton, en hún tengist um leið „þeirri hlið sem er að springa úr „hryllingi““.<sup>46</sup> Vistlist virðist hins vegar, samkvæmt Morton, „spila á uppmagnaða fegurð“ – ýkja upp þessa eiginleika og beina athygli að þeim – sem hann telur að sé „einmitt það sem við manneskjurnar þörfnumst á tímum þaninnar vistvitundar“.<sup>47</sup> Morton segir þetta í grein um innsetningar Hrafnhildar Arnardóttur, sem hefur notað fléttur úr mannhári, þæfða ull og flóka, og einnig risastórar, loðna og litríkar tjásur úr gervihárleng-

<sup>42</sup> Timothy Morton, *Hyperobjects. Philosophy and Ecology after the End of the World*, Minneapolis: University of Minnesota Press, 2013, bls. 121.

<sup>43</sup> Sjá Jörgen Pind, *Frá sál til sálar. Ævi og verk Guðmundar Finnbogasonar sálfræðings*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2020, til dæmis bls. 76–90; Ólaf Rastrick, *Háborgin. Menning, fagurfræði og pólitík í upphafi tuttugustu aldar*, Reykjavík: Háskólaútgáfan og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 2013.

<sup>44</sup> Timothy Morton, „Efnisleiki, leikur“, þýðandi Oddný Eir Ævarsdóttir, *Ritid 1/2020*, bls. 197–202, hér bls. 201.

<sup>45</sup> Timothy Morton, *Hyperobjects*, bls. 109.

<sup>46</sup> Timothy Morton, „Efnisleiki, leikur“, bls. 201.

<sup>47</sup> Sama heimild, bls. 200–201.

ingum. Í innsetningunni *Chromo Sapiens*, sem hún setti upp á Fenejvatvíæringnum árið 2019, gengu áhorfendur inn í það sem Hrafnhildur kallaði sjálf „nýja ofurnáttúrulega veröld“,<sup>48</sup> þar sem þeir voru umvafðir þessu loðna efni á alla kanta. Skærir litirnir og gerviefnið virðast andstæða áru hins einstaka og „ekta“ sem við erum vön að eigna listaverkum<sup>49</sup> og Morton finnst innsetningar Hrafnhildar fara „fram úr gamaldags greinarmuni á því sem er náttúrulegt og hinu sem er gervi, því sem er innan í og hinu sem er utan á“. Þær rústi „stigveldinu á milli mannveranna á svo fallegan og truflandi hátt að munurinn á milli mannvera og ekki-mannvera birtist okkur loks í öllu sínu ofbeldi“.<sup>50</sup>

Myndlist Siggu Bjargar Sigurðardóttur mætti einnig kalla vistlist. Í hennar verkum eru oft illskilgreinanlegar verur „sem líta út eins og fólk eða dýr en þurfa ekki endilega að vera annaðhvort“.<sup>51</sup> Stundum renna þær saman eða líkamsvessar renna frá einni til annarrar. Margrét Elísabet Ólafsdóttir hefur minnst á óþægindin sem verurnar í verkum Siggu Bjargar vekja þegar rýnt er í þær: „Hegðun þeirra og framkoma virðist óhamin og nokkuð grótesk, eins og þær hafi misst stjórna.“<sup>52</sup> Hún bendir líka á hvernig þær:

[...] sjúgast hver inn í aðra, gegnum munninn og út um afturendann. Vökvi lekur úr munnum þeirra og rennur niður myndrammann. Á sýningum leka svartir þræðir niður við hlið teikninganna og niður á gólf. Þræðirnir sameina litlar pappírsteikningar sem eru í klösum á veggjunum og tengja veggina við gólfið ásamt stórum mannlegum verum sem teiknaðar eru beint á veggj gallerísins.<sup>53</sup>

Á svipaðan hátt og Ófeigur nýtir hefð náttúruskrifa nýtir Sigga Björg sér langa hefð þess að fara á myndrænan hátt yfir mörkin milli hins mennska og hins ekki-mennska. Orðið gróteska, sem kemur upp í hugann andspænis verkum eins og Siggu Bjargar, þar sem verur flæða hver inn í aðra, mörk leysast upp og ekkert

<sup>48</sup> „Hrafnhildur Arnardóttir / Shoplifter: Chromo Sapiens“, vefsíða Listasafns Reykjavíkur, 2020.

<sup>49</sup> Sjá til dæmis Walter Benjamin, *Listaverkið á tímum fjöldaframleiðslu sinnar. Þrjár ritgerðir*, þýðendur Árni Óskarsson og Hjálmar Sveinsson, Reykjavík: Bjartur og ReykjavíkurAkademían, 2000.

<sup>50</sup> Timothy Morton, „Efnisleiki, leikur“.

<sup>51</sup> „Dregur fram hugarástand“, *Morgunblaðið* 5. janúar 2005, bls. 41.

<sup>52</sup> Margrét Elísabet Ólafsdóttir, „Sigga Björg Sigurðardóttir“, *Icelandic Art Today*, Ostfildern: Hatje Cantz, ritstjórar Christian Schoen og Halldór Björn Runólfsson, 2009, bls. 270–275, hér bls. 270.

<sup>53</sup> Sama heimild, bls. 270.

er stöðugt heldur ætíð á leið að verða eitthvað annað, á uppruna sinn í ítalska orðinu *grotteschi* og vísar til listaverka sem fundust á sextánda öld í rómverskum rústum neðanjarðar. Þar má meðal annars sjá hamskipti og flæði milli lífsforma, náttúruyfyrirbæra og kynja eða milli náttúru og menningar. Þetta eru algeng goðsagnaþemu og til dæmis grundvallarþemað í *Ummyndunum* Óvíds frá árinu 8 e.kr., sem ýmsir vistrýnendur hafa greint sem visthverft verk með „for-nútímallegri“ heimssýn sem gæti nýst okkur nú<sup>54</sup> og sem dæmi um að bókmenntir hafi frá fyrstu tíð sýnt mannlega reynslu sem hluta af náttúru sem við deilum með öðrum þótt birtingarmyndirnar hafi breyst.<sup>55</sup>

### *Nálægð í stað fjarlægðar*

Í sýningunni *Andardráttur á glugga* (2023) vann Sigga Björg myndröð út frá íslenskum þjóðsögum, skapaði heim „trölla, álfa, drauga og annarra kynjavera“ sem kallast á við myndheim Ásmundar Sveinssonar. Þjóðsögurnar sem hún nýtir eru margar hverjar gróteskar, óhugnanlegar og ókennilegar: lýsa aflimuðum líkams hlutum, talandi líkum eða draugagangi. Hamskipti eru áberandi þema, enda algengt að menn breytist í dýr eða öfugt í þjóðsögum og ævintýrum. Draugar og aðrar yfirnáttúrulegar verur með skírskotanir til íslenskra þjóðsagna og ævintýra halda þannig áfram, í skáldskap og listum, að setja í fókus samband okkar við umhverfið og aðra, ekki síst hið ekki-mennska.<sup>56</sup> Tröll og aðrar yfirnáttúrulegar verur hafa nefnilega, eins og Ármann Jakobsson bendir á, allt frá tímum Íslendingasagna „þjónað sem áminning um það hversu óljós aðgreining hins mennska og ómennska er, eða annarleiki almennt“, enda séu þau í senn annarleg og spegill sem „leiðir á hrollvekjandi hátt að dýpri skilningi á sjálfinu“.<sup>57</sup>

Ókennilegur annarleiki er ef til vill kraftmesta ógn mannkyns, árás gegn öllum hugmyndum um mennskuna og um skipulag í sjálfu sér. Þar sem það er í senn mennskt og ómennskt er trölldi óreiðan holdi klædd.<sup>58</sup>

<sup>54</sup> Sbr. Frank van den Boom, „New Bodies in an Ecological Crisis. The Unforeseeable Future in Ovid’s *Metamorphoses*“, *Leiden Elective Academic Periodical* 1/2021, bls. 155–182 og greinasafnið *Ovid’s Metamorphoses and the Environmental Imagination*, ritstjórar Francesca Martelli og Giulia Sissa, Bloomsbury Academic, 2023.

<sup>55</sup> Hubert Zapf, *Literature as Cultural Ecology. Sustainable Texts*, London: Bloomsbury, 2016, bls. 90.

<sup>56</sup> Sbr. Auður Aðalsteinsdóttir, „Ghost Stories Oppression and Disasters in Past and Present Iceland“, *Marburg Journal of Religion* 2022.

<sup>57</sup> Ármann Jakobsson, *The Troll Inside you. Paranormal Activity*, punctum books, 2017, bls. 20 og 22.

<sup>58</sup> Sama heimild, bls. 20.

Dæmi um slíkt ókennilegt samband má finna í Þjóðsögu um nátttröll sem kemur á glugga til stúlku sem gætir bæjar ein á jólanótt. Stúlkan kveðst á við tröllid, sem lofar fegurð handar hennar, auga og fótar, með viðkvæðinu „dillidó“. Hún svarar með viðkvæðinu „korriró“ þegar hún lýsir því jafnóðum yfir að þessir líkamshlutar hafi aldrei komist í tæri við neitt óhreint – allt þar til sólin kemur upp og tröllid verður að steini.<sup>59</sup> Í upphafi tuttugustu aldar endurvann málarinn Ásgrímur Jónsson söguna í málverkinu *Nátttröllid á glugganum* (1905), en eins og Guðrún Lilja Kvaran hefur bent á breytti hann mikilvægu atriði úr upphaflegu þjóðsögunni, þar sem tekið er fram að stúlkan hafi aldrei litið á tröllid og því ekki vitað hvernig það leit út. Í málverki Ásgríms horfist stúlkan í augu við tröllid á meðan það verður að steini, sem er einkar athyglisvert í ljósi þess að Ásgrímur var einn af fyrstu landslagsmálurum Íslands og einnig frumkvöðull í að myndgera viðfangsefni þjóðsagna. Viðtökur verka hans á þeim tíma endurspegluðu þjóðernisrómantískar áherslur,<sup>60</sup> þar sem sagnaarfurinn, ásamt íslenskri náttúru, tungumáli og sögu urðu lykilatriði í að móta sjálfsmynd sjálfstæðrar þjóðar. Þegar þjóðsagnamyndir hans voru sýndar árið 2018 voru þær reyndar enn kynntar sem eins konar birtingarmynd sameiginlegrar dulvitundar þjóðarinnar og sagðar geta „varpað ljósi á ótta, drauma og þrjár genginna kynslóða og sambúð þeirra við ógnvekjandi náttúru landsins“.<sup>61</sup> Í ljósi þess að tröll þjóðsagnanna spretta yfirleitt upp úr landslaginu og hverfa oft þangað aftur er þau verða að steini, þannig að samskiptin við þau endurspeгла samband manna við þetta landslag, verður tilfærslan frá því að *horfa ekki* yfir í að *horfa* á tröllid eins og vísbending um breytt samskipti við náttúruna. Í stað þess að vera afl sem þarf að óttast og virða er hún viðfang til að horfa á, túlka, jafnvel nýta (til dæmis í þjóðernisþólitískum tilgangi). Í mynd Ásgríms er fjarlægðin sem þessi breytta afstaða skapar áréttuð með því að tröllid er ekki aðeins fyrir utan gluggann heldur „fangað“, það er að segja rammað inn af gluggakarminum. Andlit þess hangir því eins og landslagsmálverk á vegg, til sýnis, og það er engin tilviljun að sú andlitsmynd lýsir því andartaki þegar tröllid verður að steini, viðráðanlegri náttúru sem ógnar ekki heldur styrkir heimsmynd manna.

Ögrunin sem með tilliti til upphaflegu þjóðsögunnar felst í því að gera náttúruna þannig að sjónrænu viðfangi manna fær nýja vídd í ljósi vistrýni 21.

<sup>59</sup> „Nátt-tröllid“, *Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri* I, ritstjóri Jón Árnason, Leipzig: J. G. Hinrichs, 1862, bls. 208–209.

<sup>60</sup> Sbr. Guðrún Lilja Kvaran, *Þjóðsagnamyndir Ásgríms Jónssonar. Orðræðan um þjóðerni og myndlist*, óbirt BA-ritgerð í listfræði, Háskóli Íslands, 2013.

<sup>61</sup> „Korriró og dillidó. Þjóðsagnamyndir Ásgríms Jónssonar í safni Ásgríms“, vefsíða Listasafns Íslands, 22. maí 2018.

aldarinnar. Líta má á það að skapa fagurfræðilega fjarlægð milli mannsins (sem horfir) og náttúrunnar (sem horft er á) sem hluta vandans að baki vistfræðikrísu samtímans; það feli í sér stigveldishugsun sem við getum ekki leyft okkur lengur.

Timothy Morton er einn þeirra sem telur að við getum ekki stuðst við sömu fagurfræðilegu viðmið og hafa verið ríkjandi undanfarin árhundruð. Upphafning okkar á fagurri náttúru lúti til dæmis svipuðum lögmálum og það þegar fulltrúar feðraveldisins setja konur upp á stall í „sadískri tilbeiðslu“<sup>62</sup> – náttúran er eitthvað aðskilið frá okkur, og ekki bara utan mannlegs samfélags heldur sjónrænt viðfang manna sem leggja á hana mat úr fjarlægð. Hnattræn hlýnun og aðrir ofurhlutir komi hins vegar „mjög, mjög nálægt“, þrengi sér til okkar „á afar ókennilegan, óhugnanlegan hátt sem stríðir gegn venjulegri fagurfræðilegri háttvísi, sem við þekkjum frá heimspekingum á borð við Kant – háttvísi þar sem ætti að vera [...] fjarlægð milli þín og listhlutarins, ekki of stutt, ekki of mikil“.<sup>63</sup>

Hér vísar Morton til þess hvernig fagurfræðingar 18. aldar reyndu að kortleggja hughrifin sem bæði náttúrufegurð og listræn fegurð vekur. Lykilspurningin varð sú hvort fegurðarsmekkur væri eitthvað meira en einstaklingsbundin reynsla. Árið 1748 predikaði David Hume að listgagnrýnandinn yrði að „bæjja öllum fordómum frá huga sínum og ekki leyfa neinu að blandast inn í athugun sína nema sjálfum hlutum sem hann fær til rannsóknar“.<sup>64</sup> Immanuel Kant hélt því að sama skapi fram árið 1790 að ef eitthvað sé aðeins ánægjulegt á persónulegum grundvelli sé ekki hægt að kalla það fallett – orðið fegurð krefjist þess að aðrir upplifi sömu ánægju. Þá kröfu megi setja fram í krafti hagsmuna- og áhugaleysis. Áhugalaus velþóknun hljóti að hvíla á einhverjum grundvallar-eiginleika hugans sem okkur er öllum sameiginlegur. Ef dómgreindin sé hrein og frjáls undan áhrifaþáttum eins og stjórnmálaskoðunum, samfélagsstöðu eða gróðavon, geti smekksdómari – svo lengi sem hann geri ekki mistök – gert ráð fyrir að ánægju hans megi yfirfæra á alla aðra.<sup>65</sup> Kate Rigby heldur því fram að þótt þetta fagurfræðilega viðhorf gagnvart náttúrunni, byggt á hugmyndinni um óhagsmunabundna velþóknun á náttúrufegurð, sé í andstöðu við myndina af náttúrunni sem „viðfangi til að ríkja yfir, hráefni“<sup>66</sup> reynist hin fagurfræði-

<sup>62</sup> Timothy Morton, *Ecology Without Nature. Rethinking Environmental Aesthetics*, Cambridge: Harvard University Press, 2007, bls. 4–5.

<sup>63</sup> Timothy Morton, *Hyperobjects*, bls. 133.

<sup>64</sup> David Hume, „Um mælikvarðann á smekk“, þýðandi Gunnar Ragnarsson. *Hugur* 2006, bls. 28–41, hér bls. 30–32 og 35–36.

<sup>65</sup> Immanuel Kant, *Kritik der Urteilkraft*, Hamburg: Verlag von Felix Meiner, 1954.

<sup>66</sup> Rigby vísar hér í Adorno og Horkheimer, „Notes and Drafts“ í *Dialectic of Enlightenment*, þýðandi J. Cumming, London og New York: Verso, 1979, bls. 233.

lega orðræða sem fylgdi í kjölfar upplýsingarinnar við nánari athugun fela í sér sömu firringu frá náttúrunni og vísindaleg orðræða. Þótt þeim sé yfirleitt stillt upp sem andstæðum feli báðar orðræðuhelðirnar í sér öðrun náttúrunnar og þróun smekks fyrir náttúrufræðingum feli þannig í sér að skapa vissa fjarlægð frá náttúrunni.<sup>67</sup>

„Á 18. öld var þeirri tilfinningu að náttúruöflin (eldfjöll, stormar, flóð, jarðskjálftar) væru mun sterkari en maðurinn mætt með vissunni um að mannhugurinn næði handan við náttúruöflin“, skrifar Bruno Latour.<sup>68</sup> Þessar andstæður hafi gert mönnum kleift að skynja hið háleita. Hins vegar felur vistvitund í sér tilfinningu um nálægð og jafnvel of mikla.

En þú getur aðeins fundið fyrir hinu háleita ef þú ert vel varinn gegn sjónarspili náttúrunnar. Á 21. öldinni er slík örugg höfn ekki lengur fyrir hendi. [...] Innan þessa nýja sambands milli manna og náttúru er ekkert rými til að vera áhorfendur. Hvernig geturðu fundið fyrir hinu háleita ef þér finnst þú bera ábyrgð á því sem gerist „þarna úti“?<sup>69</sup>

Slíka tilfinningu um of mikla nálægð má lesa úr smásögunni „Korriró, beibí“ úr smásagnasafninu *Keisaramörgæsir* (2018). Þar bregður Þórdís Helgadóttir súrréalískum blæ á samband okkar við aðra, meðal annars með vísunum í þjóðsögur, og setur tröll í hlutverk meindýra sem þarf að fanga í gildrum.

Það útskýrði svo margt þegar Snæfríður áttaði sig á að það væru tröll í íbúðinni. Óþægindin sem hún hafði upplifað mánuðina á undan voru óljós en raunveruleg. Öndunarferasýkingar. Síþreyta. Ofsakvíðaköst. Hún fór beint á netið og hafði uppi á meindýraeyði.<sup>70</sup>

Hin „óljósu en raunverulegu“ óþægindi sögupersónunnar lýsa vel þeirri vistvitund að vera „rúmgóður og órólegur hýsill hins róttæka annarleika“.<sup>71</sup> Tröll okkar tíma eru vírusar, geislavirkni, eiturefni, örplast. Í stað þess að hálsbrjóta mannfólkið, éta það eða hreinlega hræða úr því líftórana á jólanótt þá eru þau loftmengunin sem veldur öndunarerfiðleikum, kvikasílfurseytrunin sem veldur síþreytu og kvíðaköstin vegna fréttu af rísandi hitastigi jarðar. En viðbrögð mein-

<sup>67</sup> Catherine Rigby, „Beyond the Frame“, bls. 116 og 118.

<sup>68</sup> Bruno Latour, *Reset Modernity!*, Procedure C: „Sharing Responsibility“.

<sup>69</sup> Sama heimild, sami kafli.

<sup>70</sup> Þórdís Helgadóttir, „Korriró, beibí“, *Keisaramörgæsir*, Reykjavík: Bjartur, 2018, bls. 9.

<sup>71</sup> Timothy Morton, „Efnisleiki, leikur“, bls. 199–200.

dýraeyðisins gefa til kynna að nútímamaðurinn sé orðinn óvanur að horfast í augu við það samlífi með öðru(m) sem tröllin standa fyrir

„Með tröll,“ sagði hann. „Það er ekki gott að segja. Þetta er eitthvað sem var mikið vandamál hérna áður fyrir, sérstaklega í sveitum. En nú til dags erum við ekki mikið að sjá tröll, nei.“<sup>72</sup>

Svo virðist sem nútímamaðurinn hafi orðið of sannfærður um fjarlægð sína frá náttúrunni og stjórn á umhverfinu. Í bókinni *Klimaet og kunstneren* (2022) fjallar Charlotte Weitze um áskoranirnar sem felast í því að fjalla um loftslagsbreytingar í bókmenntum og listum og áréttar mikilvægi þjóðsagna og ævintýra andspenis umhverfiskrísnum samtímans: „Hvernig getur „hefnd náttúrunnar“ komið á óvart? Höfum við gleymt því sem okkur var sagt í barnæsku, í ævintýrum?“<sup>73</sup>

Margar gömlu frásagnanna fjalla um samband manns við náttúruna, sem er persónugerð gegnum samskipti við yfirnáttúrulegar verur. Stundum eru þessar verur vinalegar, stundum refsandi. Það veltur á því hvernig menn koma fram við náttúruna. Djöflarnir birtast þegar farið er yfir mörk. Við jaðar akurs eða skógar eða á brúnni yfir ána.<sup>74</sup>

Sögupersóna smásögunnar „Korríró, beibí“, Snæfríður, flettir ekki upp í þjóðsagnasöfnum heldur gúgglar og reynir í framhaldinu að blanda saman matarsóða og ediki, setja lauk í gluggakistu, stela vígðu vatni, æpa nafnið Gilitrutt (ekki rétta þjóðsagan), fá sér kött, setja upp hljóðeinangrandi gardínur og prófa hljóðheilun. Engin af þessum gömlu og nýju ráðum virka. Eins og til að undirstrika að tröllaplágan er í raun innrás náttúrunnar leggst mosaslikja yfir hátalarana hennar, þokuslæða yfir íbúðina og bækurnar fúna í hillunum. Snæfríður telur reyndar mögulegt að þokan sé „bara í augunum á henni“, sem leiðir okkur að áðurnefndum eiginleika trölla að vera í senn annarleg og spegill sem „leiðir á hrollvekjandi hátt að dýpri skilningi á sjálfinu“.<sup>75</sup> Tröllahvískrið sem Snæfríður heyrir í íbúðinni sinni snýst til dæmis um það hvernig fallegt hár hennar mætti nota til að sópa gólfín, beinin hennar væru góð í súpu og hælana mætti naga. Þessi hlutverving, sundurbútun og áhersla á notagildi endurspeglar hvernig hennar eigin tegund kemur fram við aðrar tegundir.

<sup>72</sup> Þórdís Helgadóttir, „Korríró, beibí“, bls. 9–10.

<sup>73</sup> Charlotte Weitze, *Klimaet og kunstneren*, Kaupmannahöfn: U Press, 2022, bls. 26.

<sup>74</sup> Sama heimild, bls. 22.

<sup>75</sup> Ármann Jakobsson, *The Troll Inside you*, bls. 20 og 22.



Það virðist því rökrétt að Snæfríður nær fyrst árangri í baráttu sinni við tröllin þegar hún notar hluta af sjálfri sér til að smíða gildru, svokallaðan „tröllastól“. Fyrir hann þarf hún sjö metra af mannshári, sem þýðir að hún þarf ekki aðeins að raka af sér hárið heldur plokka af sér augn- og skapahár. En þegar hún nær að fanga tröll í stólinn kemur aftur upp togstreitan milli þess að horfa eða líta undan. Fyrst gerir Snæfríður það „sem eðlisávisunin heimtar“: fer út úr íbúðinni án þess að líta á tröllið. En síðan, þegar sólin er við það að setjast einmitt þegar næturtrollin fara á kreik og „bara sisvona“, ákveður hún að fara inn „og horfast í augu við það sem hún óttast mest“.<sup>76</sup> Við það fellur blýþungur kvíði af herðum hennar, enda er óttinn við tröllið í raun óttinn við það sem er innra.

Í vangaveltum sínum um það hvers vegna þjóðsögur og ævintýri eigi enn erindi við okkur kemst Charlotte Weitze að þeirri niðurstöðu að þau opni fyrir möguleikann á „öðrum heimi“.<sup>77</sup> Umhverfiskrísan okkar tíma hefur verið kölluð kreppa ímyndunarafslis,<sup>78</sup> enda virðast ráðandi pólitísk og efnahagsleg öfl ófær um að ímynda sér annars konar heim en þann sem stjórnast af tortímandi kapitalisma, rányrkju, arðrání, skaðlegum valdakerfum – og þar sem er klofningur milli hins mennska og annarrar náttúru. Við þurfum hins vegar að átta okkur á því, segir Weitze að „það eru engin mæri milli náttúru og menningar“.

Og ef til vill er það aðeins þegar við greinum á milli náttúru og hins mennska sem djöflar landamæranna sýna sig. Þessir sem gætu á endanum drepíð okkur. Á sama tíma merkja djöflarnir helgun náttúrunnar. Þeir spretta líka upp af virðingu. Ef til vill ættum við að gera þeim hærra undir höfði í skynjun okkar á veruleikanum.<sup>79</sup>

Þegar Snæfríður, sögupersónan í „Korriró, beibi“, lítur loks í augu tröllsins áttar hún sig á því að „þetta eru bænaraugu, en um hvað eru þau að biðja?“<sup>80</sup> Hér fær hún tækifæri til að viðurkenna tilvist annarra og sjónarmið, hlusta á kröfur þeirra og leyfa innsæi þeirra að móta ákvarðanir. Snæfríður kemst hins vegar aldrei að því hvað tröllið vill. Því hún stingur það í magann með grillgaffli. Ef til vill má túlka það svo að þó að við mennirnir leyfum okkur stundum að viðurkenna hversu ótrygg mærin eru sem við höfum markað milli náttúru og menningar, til dæmis með því að endurímynda okkur samskipti við verur þjóðsagnanna

<sup>76</sup> Þórdís Helgadóttir, „Korriró, beibi“, bls. 16.

<sup>77</sup> Charlotte Weitze, *Klímaet og kunstneren*, bls. 36.

<sup>78</sup> Sjá til dæmis Amitav Ghosh, *The Great Derangement*, bls. 14.

<sup>79</sup> Sama heimild, bls. 119.

<sup>80</sup> Þórdís Helgadóttir, „Korriró, beibi“, bls. 16.

gegnum bókmenntir, kvikmyndir eða list, skortir okkur viljann til að viðurkenna í raun og veru tilvist annarra og sjónarmið.

### *Súrrealísk hlutföll*

Myndverkum Siggu Bjargar er gjarnan lýst sem blöndu af húmor og hryllingi, sem er kannski fyrst og fremst lýsing á viðbrögðunum við þeirri súrrealísku vídd sem opnast með því að fara yfir mörkin milli okkar og hins ekki-mennska; vídd sem hefur ávallt verið til staðar, til dæmis í þjóðsagnaarfi okkar, en er nú unnið með á nýjan hátt í nýju samhengi. Og vistlist er ef til vill alltaf svolítið súrrealísk af því að hún riðlar því kerfi flokkunar og aðgreiningar (til dæmis milli tegunda og hins lífræna og ólífræna) sem við erum vön að nota til að henda reiður á heiminum. Donna Roberts hefur fjallað um hvernig súrrealistar tókust á hendur róttækt endurmat á hugmyndum um hið mannlega og um sjálfið og bendir á að í „Undirbúningi að Þriðju stefnuýfirlýsingu súrrealista“ frá 1942 sagði André Breton að maðurinn væri „ekki endilega sá konungur sköpunarinnar sem hann státar sig af því að vera“.<sup>81</sup> Í verkum sínum unnu súrrealistar meðal annars með samruna ólíkra lífræna og ólífræna forma og „listamenn á borð við Max Ernst og Salvador Dalí nýta sér oft spennuna eða ókennileikann í flæðinu milli hins mannlega, jurta, steinefna eða dýra“.<sup>82</sup> Slíkt myndmál fær nýja vídd nú þegar vísindafólk er farið að horfast í augu við afstæði flokkana og skilgreininga á borð við „tegundir“.<sup>83</sup> Roberts telur þó að sú tilhneiging innan súrrealismans að vinna með abstrakt form sem minna á lífræn form, það er lífhermi (e. *biomorphism*), komist næst hefð vishverfrar hugsunar.<sup>84</sup> Undanfarið hefur Sigga Björg einmitt fært sig frá því að teikna furðuverur yfir í að draga upp myndir af mestmegnis ávölum formum sem gætu verið frumur og amöbur og raðast stundum saman þannig að þær taka á sig útlínur manneskju eða einhvers konar dýra eða vera sem bera einnig merki um hið mannlega. Eins og til að minna okkur á að við erum samsetning úr ótal einingum sem hverja um sig má áfram leysa upp, allt

<sup>81</sup> André Breton, „Prolegomena to a Third Surrealist Manifesto or Not“, *André Breton Manifestoes of Surrealism*, þýðendur Richard Seaver og Helen R. Lane, Ann Arbor: University of Michigan Press, 1969, bls. 291.

<sup>82</sup> Donna Roberts, „The Ecological Imperative“, *Surrealism. Key Concepts*, ritstjórar Michael Richardson og Krzysztof Fijalkowski, New York: Routledge, 2016, bls. 217–227.

<sup>83</sup> Anna Tsing beinir athyglinni að því hvað skilgreiningar á dýra-, jurta- og sveppategundum geta verið menningartengdar og stundum handahófskenndar, jafnvel villandi, enda fara flokkanirnar eftir því hvaða skilningur er lagður í hugtakið „tegund“ á hverjum stað og hverjum tíma. Anna Tsing, *The Mushroom at the End of the World*, bls. 229–232 og víðar.

<sup>84</sup> Donna Robert, „The Ecological Imperative“.

frá líffærum til frumna til öreinda. Titill nýlegrar sýningar hennar, *Útjaðar* (2022), er lýsandi því hér er leikið með óljós mörk og jaðra, sem og titill vídeó- og hljóðuppsetningar hennar og Mikæls Lind, *Umhverfa* (2023), þar sem form hverfast í sífellu inn í og um hvert annað.

Eitt af því sem súrrealistar unnu með voru brengluð hlutföll sem gerðu kunnuglega hluti ókunnuglega. Málverkið *Les Valeurs Personnelles* (1952) eftir René Magritte er eitt frægasta dæmið. Þar eru stærðarhlutföllin milli hinna hversdagslegu hluta sem sýndir eru frekar í samræmi við hversu oft þeir eru notaðir, og þar með hversu stór hluti þeir eru af hinu daglega lífi, en að reynt sé að nota hlutföllin á milli þeirra til að endurskapa „raunstærð“ þeirra og fjarlægðir í þrívídd. Frederique Ait-Touati heldur því fram að hlutföll – tímaskalar, sögulegir skalar, hið óendanlega smáa og hið óendanlega stóra – séu einmitt eitt af því sem skiptir höfuðmáli við mótun þeirrar nýju fagurfræði sem hún telur að við þurfum að þróa í takt við þá hugarfarsbreytingu sem nauðsynleg er til að takast á við vistkreppu 21. aldarinnar.<sup>85</sup> Bruno Latour, samverkamaður hennar, orðaði það svo að „við þurfum að venjast mun stærri skala en við gætum hafa átt von á, um leið og við höldumst mun minni og vanmáttugri en við vildum vera“.<sup>86</sup> Brengluð hlutföll geta því virkað eins og raunsonn lýsing á veruleikanum sem við búum nú við dags daglega, fremur en afskræming á honum.

Í málverkum Kristins Más Pálmasonar er ólíkum formum stillt upp hlið við hlið og enginn stærðarmunur er á þeim sem minna á gríðarstóra hluti á borð við plánetur og stjörnur og þeim sem minna á litla og hversdagslega hluti eins og ilmvatnsglós og farsíma. Þessi skortur á hlutföllum áréttað jafnfræði hlutanna og afbyggir þannig táknræna merkingu þeirra sem bundin er tilteknu samhengi og hárarkískum tengslum við aðra hluti. Slík myndbygging verður merkingarþrungin á nýjan hátt þegar aukin áhersla er að færast á að viðurkenna jafnfræði en jafnframt virkni ekki aðeins allra lifandi vera heldur allra hluta, hvort sem þeir eru lífrænir eða ólífrænir, fundnir eða manngerðir. „Steinar geta víst hreyft sig, [...] jafnvel þó þeir hafi enga fætur, enda hafa t.d. hvorki englar né fiskar fætur en hreyfa sig samt“, segir í „Steinarnir tala“ eftir Þórberg Þórðarson<sup>87</sup> og segja má að helstu fræðimenn á sviði vistrýni taki undir það. Hlutir búa yfir innri dýnamík sama hvernig við nálgumst þá og „það er titrandi, víbrandi tilvera“, segir til dæmis Timothy Morton. Hlutir séu lifandi í sjálfum sér, á hreyfingu án

<sup>85</sup> Frederique Ait-Touati, „Mapping a New Earth“.

<sup>86</sup> Bruno Latour, *Reset Modernity!*, „Sharing Responsibility“, Procedure C.

<sup>87</sup> Þórbergur Þórðarson, „Steinarnir tala“, *Í Sudursveit*, Reykjavík: Mál og menning, 1975, bls. 152.

Þess að ýtt sé við þeim.<sup>88</sup> Tilvísunin til víbrandi efnis og hlutkraftsins sem Jane Bennett hefur haldið á lofti er augljós, en kenningar hennar um innbyggðan lífsþrótt efnis, sem getur að einhverju leyti verið óháður okkar skynjun, túlkun og notkun þótt hann sé alltaf í samspli við aðra þætti, markast af þeirri niðurstöðu hennar að:

Jafnvel þótt lífsþróttur efnis sé raunverulegur (og ég trúí því) þá verður erfitt að greina hann, og þegar maður greinir hann er erfitt að halda honum í fókus. Hann er of nálægur og of hverfull, jafnt blær sem hlutur, hreyfiafl sem eining, hreyfing sem alltaf er á leið að verða eitthvað annað, líflegur straumur og bundinn brautum en ekki endilega ætlan.<sup>89</sup>

Úr verkum Kristins Mús má lesa viðurkenningu á slíkri eigin tilveru og krafti hluta. Og í sumum þeirra er bakgrunnurinn svartur en eins konar birta virðist skína frá hinum margvíslegu hlutum þannig að það er eins og þeir víbri af innri orku eða lífi.

### *Flókin kerfi í stað stigveldis*

Eins og fram hefur komið lögðu fagurfræðingar 18. aldar línur um það hvernig hægt sé að fella dóma um fegurð, með því að skapa fjarlægð milli persónulegra hagsmuna gagnrýnandans og listaverksins sem verið er að meta. Nítjándu aldar gagnrýnandinn Matthew Arnold var, rétt eins og Hume og Kant, ákveðinn í því að hagsmunaleysi væri forsenda góðrar bókmenntagagnrýni. Hann lagði líka, eins og flestir forverar hans á sviðinu allt frá tímum Forn-Grikkja, ríka áherslu á það hlutverk bókmennta- og listgagnrýni að skera úr um hvaða verk eru best, og meta svo gildi annarra verka í samræmi við það. Þessa áherslu á stigveldi setur Arnold fram sem hluta af eins konar „framfarahugsjón“, við þurfum að stefna á að bæta sífellt bókmenntirnar því þar með bætum við mannlífið, samfélag okkar, og við bætum aðeins bókmenntirnar með því að hafa æðstu viðmiðin, það besta sem til er, alltaf til grundvallar.<sup>90</sup>

Þrátt fyrir femíniska gagnrýni og róttæka endurskoðun á hefðarveldi bókmenntanna síðustu áratugi, sem og póststrúktúralíska afbyggingu á hefð-

<sup>88</sup> Timothy Morton, „Singularity of Things“, viðtal, vefsíða PCA-Stream.

<sup>89</sup> Jane Bennett, *Vibrant Matter. A Political Ecology of Things*, Durham: Duke University Press, 2010, bls. 119.

<sup>90</sup> Arnold, Matthew, „The Study of Poetry“, *The Norton Anthology of English Literature II*, New York: Norton, 1962.

bundnum fagurfræðilegum viðmiðum, hefur áherslan á stigveldi haldið velli, í bókmennta- og listgagnrýni og í samfélaginu almennt.<sup>91</sup> Spurningin núna er sú hvort vistlist og vistrýni sem ögra bæði fjarlægð og stigveldi geti eða ætti að breyta því. Og getur bókmenntagagnrýnin þá leitað nýrra leiða í vishverfum lestri og túlkun? Vitanlega er óraunsað að telja að bókmenntir og bókmenntagagnrýni geti verið annað en mannhverf; sjónarhornið er ávallt að einhverju leyti mannlegt. En meðvitundin um að það sjónarhorn sé takmarkað skukur hugmyndina um gagnrýna fjarlægð – lestur okkar litast alltaf af okkar mannlegu hagsmunum. Og hún skukur líka hugmyndina um að við trónum efst í náttúrulegu stigveldi eða að slík stigveldi séu yfir höfuð æskileg. Í staðinn felur vishverf sýn á heiminn – og þá einnig á listirnar – í sér áherslu á nálægð, víxlverkun og endalausar tengingar; hvernig allt þæfist saman í vistkerfi jarðar.

Að lesa á vishverfan hátt þýðir því að beina aukinni athygli að þáttum eins og symbíósu, óskýrum mörkum, flæði, gagnvirkni og alls kyns öðrum tengingum í gömlum sem nýjum bókmenntum. En það getur líka þýtt það að leitast við að tengja ýmis svið tilverunnar sem við erum vön að líta á sem aðskilin og eðlisólík og sækja, við mótun eins konar vishverfrar fagurfræði, innblástur utan hugvísinda. Til dæmis í nýlegar kenningar náttúruvísinda, sem reyndar, í anda hugmynda um endalaus víxl tengsl, virðast á móti sækja innblástur til hug- og félagsvísinda. Suzanne Simard er einn af frumkvöðlum þess í náttúruvísindum að líta á samtengingar og gera ráð fyrir samvinnu frekar en að einbeita sér að sértækum eiginleikum einstakra hluta og gera ráð fyrir því að samkeppni sé drifkraftur náttúrunnar. Rannsóknir hennar hafa leitt í ljós að tré í skógum reida sig ekki aðeins hvert á annað í lífsbaráttunni heldur senda hvert öðru „boð fram og til baka gegnum hulið neðanjarðarnet sveppa [...] sem liggur gegnum allan skógarbotninn og tengir öll trén“ með brautum og efnaboðum líkum þeim sem finna má í heilum manna.<sup>92</sup> Hins vegar hafi hvorki vísindi né hagsmunaaðilar gefið nægan gaum að mikilvægi slíkrar gagnkvæmni (e. *mutualism*). Og eins og Jónas Reynir Gunnarsson lýsir í bókinni *Dauði skógar* er sú gagnkvæmni ekki bara líffræðileg heldur samvinnast líka hinu huglæga, tilfinningalega og hugmyndafræðilega.

<sup>91</sup> Sbr. Auður Aðalsteinsdóttir, *Þvíllkar ófreskjur. Vald og virkni ritdóma á íslensku bókmenntasviði*, Selfoss: Sæmundur, 2021.

<sup>92</sup> Suzanne Simard, *Finding the Mother Tree. Uncovering the Wisdom and Intelligence of the Forest*, [útgáfustaðar ekki getið]: Penguin Books, 2021, bls. 4–5. Sjá einnig Suzanne Simard o.fl., „Net Transfer of Carbon Between Ectomycorrhizal Tree Species in the Field“, *Nature* 388/1997, bls. 579–582.

Þegar við deyjum skiljum við eftir mynstur ákveðinna taugafruma í heilum þeirra sem þekktu okkur. Við erum í raun eins og gróður inni í heilum hvert annars. Vöxum og kvíslumst um þetta mjúka og vota landslag, sem kallast helst á við fenin sem fyrstu skógarnir spruttu upp úr.<sup>93</sup>

Myndin sem hér er dregin upp samræmist kenningum mannfræðingsins Gregory Bateson um að hvorki menning né mannhugar séu lokaðar einingar heldur opin, dýnamísk kerfi byggð á lifandi gagnkvæmu sambandi milli huga og heims, milli huga og annarra huga og innan hugans sjálfs. Hubert Zapf lýsir því þannig að í kenningum Batesons sé hugur einstaklingsins víkkaður í átt að vistfræði víxltengsla við aðra huga og við náttúrulegt og menningarsögulegt umhverfi þeirra.<sup>94</sup> Við erum komin inn á svið menningarlegrar vistfræði<sup>95</sup> þar sem lögð er áhersla á mikilvægi umhverfisins í þróun menningar, og þaðan liggur leiðin inn á svið sem Zapf kallar „menningarlega vistfræði bókmennta“. Þar er gengið út frá því að umhverfi nútímafólks sé ekki aðeins hið ytra og efnislega heldur líka „innri heimur og landslag hugans, andans og menningarlegs ímyndunarafls“.<sup>96</sup> Bókmenntir séu vístrænt afl sem er mótað af hinum efnislega lífheimi og mótar jafnframt þann lífheim. En hin vistræna vídd bókmenntanna felst samkvæmt Zapf einnig í því að þær eiga þátt í framleiðslu og endurnýjun vistkerfa þekkingar og samskipta.<sup>97</sup> Í þeim efnum styðst hann við hugmynd Peters Finke um menningarleg vistkerfi sem hafi þróast í samspili við lífræn vistkerfi en skapað eigin reglur úrvals og sjálfsviðhalds, framleiðslu, neyslu, orkusparnaðar og verkaskiptingar innan samfélags og menningar.<sup>98</sup>

Í staðinn fyrir að gera ráð fyrir að bókmenntakerfið sé stigveldi mætti fylgja fordæmi fræðimanna á borð við Zapf og Finke og sjá það fyrir sér sem vistkerfi þar sem fjölbreytileiki og tengingar skapa styrkleika. Vistkerfi eru, eins Suzanne Simard bendir á, „flókin kerfi sem laga sig að breytingum, samsett af mörgum tegundum sem aðlagast og læra [...] og þessir hlutar mynda tengingar í flóknu

<sup>93</sup> Jónas Reynir Gunnarsson, *Dauði skógar*, Reykjavík: JPV, 2020, bls. 7.

<sup>94</sup> Hubert Zapf, *Literature as Cultural Ecology*, bls. 78. Sjá einnig Gregory Bateson, *Steps to an Ecology of Mind*, London: Paladin, 1973.

<sup>95</sup> Mannfræðingurinn Julian Steward kom fyrst fram með hugtakið „menningarleg vistfræði“ í bókinni *Theory of Culture Change. The Methodology of Multilinear Evolution*, Urbana: University of Illinois Press, 1955.

<sup>96</sup> Hubert Zapf, *Literature as Cultural Ecology*, bls. 80.

<sup>97</sup> Sama heimild, bls. 91–92.

<sup>98</sup> Peter Finke, „Die Evolutionäre Kulturökologie. Hintergründe, Prinzipien und Perspektiven einer neuen Theorie der Kultur“, *Anglia* 1/2006, bls. 175–217.

og virku neti“ þannig að ávinningurinn verður meiri en heildarsumma þessara hluta.<sup>99</sup> Í menningarlegri vistfræði bókmennta er að sama skapi lítið á gagnvirkni og víxlhæði menningar og náttúru sem grundvallaratriði, ekki aðeins þematiskt séð eða sem umfjöllunarefni heldur í hinu fagurfræðilega ferli sem á sér stað í skálduðum texta. Gengið er út frá djúpstæðum tengslum milli flókinna gagnvirkra ferla í efnislegum lífheimi og flókinna menningarlegra ferla, þar sem bókmenntir bæði endurspeгла og umbreyta lífrænum ferlum á skapandi hátt.<sup>100</sup>

Í slíku bókmentakerfi ræður fagurfræði margbreytileikans. Stærð og mikilvægi verða afstæð og hlutföll geta brenglast því að samspil og víxlhæði hins stærsta og hins minnsta er flókið og breytilegt. Áherslan færir á tengingar, hreyfingu og aðlaganir sem fram fara í flóknu og virku neti, og frá einstaka hlutum eða stöðu þeirra í einhverju þeirra stigvelda sem við höfum skapað. Áhersla vísindanna „á sértæka eiginleika hluta“ getur nefnilega orðið til þess „að einfalda og smætta veruleikann“ eins og Skúli Skúlason fjallaði nýlega um í *Ritinu*.<sup>101</sup> Suzanne Simard telur lausnina vera „flækjuvísindi“ (e. *complexity science*), eða vísindi sem taka til greina margbreytileika kerfa.<sup>102</sup> Og sá margbreytileiki nær einnig til menningarlegra kerfa eins og Skúli hefur áréttað:

Verðmæti fjölbreytni náttúrunnar eru óumdeild – án breytileika eru engir valkostir t.d. til að bregðast við erfiðum aðstæðum, fyrir vistkerfi að rétta sig við eftir skaða eða fyrir lífverur að aðlagast og þróast. Þetta á auðvitað einnig við um samfélög okkar manna sem eru hluti af náttúrunni – fjölbreytni þeirra er forsenda seiglu og farsældar.<sup>103</sup>

Greina má margvíslega anga liststefna á borð við grótesku, rómantík, náttúruskrif, symbolisma og súrrealisma í vistlist samtímans og hægt er að nota gamlar sem nýjar kenningar við túlkun þeirra.<sup>104</sup> Vistlist og vistrýni eru opnar en ekki útilokandi, fjörug samsuða sem notar blandaða tækni, *collage*, frekar en þá bókmenntafræði feðraveldisins sem Harold Bloom skilgreindi á upplýsandi hátt á áttunda áratug síðustu aldar og snýst um að hið nýja þurfi ætíð að sigrast á hínu

<sup>99</sup> Suzanne Simard, *Finding the Mother Tree*, bls. 300.

<sup>100</sup> Hubert Zapf, *Literature as Cultural Ecology*, bls. 3–4.

<sup>101</sup> Skúli Skúlason, „Er syndin náttúruleg? Um mikilvægi heimsmynda og uppsprettu gilda“, *Ritið* 3/2020, bls. 141–178, hér bls. 146.

<sup>102</sup> Suzanne Simard, *Finding the Mother Tree*, bls. 304.

<sup>103</sup> Skúli Skúlason, erindi á opunarviðburði Háúðar líffræðilegrar fjölbreytni, Safnahúsinu, Reykjavík, 23. febrúar 2023.

<sup>104</sup> Sbr. Auður Aðalsteinsdóttir, *Hamfarir í bókmenntum og listum*.

gamla; synir sigri feður sína og taki við stöðu þeirra á toppi bókmenntastigveldisins.<sup>105</sup> Morton heldur því þvert á móti fram að vistlist geti aldrei verið „eithvað sem skilur sig á róttækan hátt frá því sem er að gerast núna“ vegna þess að „allt sem maður gerir er þegar tjáning symbíóskrar samlifunar með hjörð lífsforma í lífhvolfinu“.<sup>106</sup> Oddný Eir Ævarsdóttir gengur svo langt að segja að „aðgreining hins gamla og hins nýja, fortíðar og framtíðar, h[afi] misst merkingu sína“.

Því verður að endurmeta hverja tilraun til að koma á fót hugmynda-  
stefnum (eða liststefnum) með tilliti til hins gamla nýja, og einnig hins  
nýja nýja. En þetta nýja er ekki hið fasíska nýja, þar sem eyða verður  
hinu gamla, heldur byggt á lönguninni til að allar hugmyndir og að-  
ferðir geti þrífist á sama tíma.<sup>107</sup>

Visthverf fagurfræði krefst þess þannig að við endurhugsum andstæðupör á borð við nýtt/gamalt og sleppum tókum á stigveldi á borð við það sem liggur að baki kröfum um frumleika og að leysa hið gamla af hólmi. Suzanne Simard segir að flækjuvísindi, eða „vísindi margbreytileikans“, taki mið af samvinnu auk samkeppni og stýri okkur í þá átt að „aðlagast og vera heilðræn og í átt frá valdboði og of miklum einföldunum“.<sup>108</sup> Við rannsóknir á vistkerfum er ekki upplýsandi og líklega frekar afvegaleiðandi að reyna að ákvarða hvaða þáttur, hlutur, tegund eða einstaklingur er „stærstur“, mikilvægastur eða æðstur. Að sama skapi er bókmennta- og listumfjöllun sem er uppteknust af valdboði og því að ákveða hvaða stefna er best eða sterkust, hvaða verk hafi skarað fram úr í ár eða hver var „stærsti“ súrrealíski málarari síðustu aldar, of einfaldandi og óþarflega smættandi. Í stað þess má beina athygli að samspili og úrvinnslu þátta sem eru þegar til staðar en ekki á sama hátt og áður. Fagurfræðin verður vettvangur þar sem allt er alltaf í þann mund að verða eithvað annað.

<sup>105</sup> Harold Bloom, *The Anxiety of Influence. A Theory of Poetry*, New York: Oxford University Press, 1973.

<sup>106</sup> Timothy Morton, „You’re not Making Ecological Art Yet“, fyrirlestur í Safnahúsinu, Reykjavík, 2. febrúar 2018.

<sup>107</sup> Oddný Eir Ævarsdóttir, „Our Institution“, *Archive on the Run*, ritstjórar Gunnús Ýr Finnbogadóttir, Ármann Agnarsson, Gunnhildur Hauksdóttir og Unnar Örn, Reykjavík: Nýlistasafnið, 2013, bls. 234.

<sup>108</sup> Suzanne Simard, *Finding the Mother Tree*, bls. 304.



## ÚTDRÁTTUR

Í þessari grein eru raktar nokkrar kenningar um vistskálldskap og dæmi nefnd um visthverfan lestur á íslenskum skálldskap og list. Með hliðsjón af hugmyndum um vistkerfi bókmennta er talað fyrir því að beina umræðunni um kreppu bókmennta- og listgagnrýnnar frá áhyggjum af dvínandi valdi gagnrýnenda og fækkun og áhrifaleysi hefðbundinna list- og ritdóma í fjölmiðlum en beina í stað sjónum að því hvort vistrýnin hafi (eða eigi að hafa) áhrif á fagurfræðileg viðmið okkar og hvað það gæti þýtt fyrir framtíð bókmennta- og listgagnrýni.

*Lykilorð:* Vistrýni, bókmenntagagnrýni, fagurfræði, vistkerfi, íslenskar bókmenntir

## A B S T R A C T

**Aesthetics of Ecosystems**

This article presents a few theories on ecological art and literature, with examples on ecocentric interpretations of Icelandic literature and art. With references to theories on ecosystems of literature, a move away from hierarchical emphases in literary criticism is advocated. Instead of emphasizing and deploring the weakening authority of literary critics, it is proposed that a focus on the effects of ecocriticism on contemporary aesthetics would lead to a more fruitful discussion of literary criticism.

*Keywords:* Ecocriticism, literary criticism, aesthetics, ecosystems, Icelandic literature

AUÐUR AÐALSTEINSDÓTTIR

Doktor í almennri bókmenntafræði og forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands í Þingeyjarsveit.

audurada@hi.is

